

SSH

Framtíðarhópur

Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

23. september 2011



[SAMSTARF SAFNA]

Verkefnahópur nr. 10 - rekstur héraðsskjalasafna, bókasafna og annarra safna

Innihald

| | |
|--|----|
| Lýsing á verkefni (Skv. verkefnablaði framtíðarhóps SSH) | 3 |
| Samantekt | 4 |
| Samstarf safna | 5 |
| Héraðsskjalasöfn | 5 |
| Sameiginlegur rekstur | 5 |
| Valkostir..... | 6 |
| Óbreytt ástand..... | 6 |
| Héraðsskjalasafn SSH..... | 6 |
| Svæðisbundin söfn | 6 |
| Sameiginlegt safn án Reykjavíkur | 7 |
| Almenningsbókasöfn | 7 |
| Gegnir / Samstarf um skráningu gagna, útlán og skil..... | 7 |
| Sameiginlegt skírteini | 8 |
| Rekstur bókasafna | 9 |
| Samstarf minja-, lista- og annarra safna..... | 12 |
| Staðan..... | 12 |
| Kynningarstarf | 12 |
| Viðburðadagatal | 12 |
| Viðburðir..... | 13 |
| Sameiginlegt aðgangskort | 13 |
| Minjavarsla | 14 |

Þátttakendur

| Sveitarfélag | Nafn | Starfsheiti |
|----------------------|----------------------------|---------------------|
| Garðabær | Oddný Björgvinsdóttir | Bæjarbókavörður |
| Hafnarfjörður | Jóna Ósk Guðjónsdóttir | Ritari bæjarráðs |
| Kópavogur | Páll Magnússon | Bæjarritari |
| Mosfellsbær | Birna Mjöll Sigurðardóttir | Héraðasskjalavörður |
| Reykjavík | Berglind Ólafsdóttir | Rekstrarstjóri |
| Seltjarnarnes | Pálína Magnúsdóttir | Bæjarbókavörður |

Hópurinn hittist 5 sinnum.

Lýsing á verkefni (Skv. verkefnablaði framtíðarhóps SSH)

Héraðsskjala- og bókasöfn:

1. Sameinast um rekstur Héraðsskjalasafna eins og gert er víða á landsbyggðinni.
 - a. Kópavogur er með héraðsskjalasafn og Reykjavík er með borgarskjalasafn. Önnur sveitarfélag gætu komið að þessu til að auka gæði og þjónustu og spara kostnað.
 - b. Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes - sameiginlegt héraðsskjalasafn?
 - c. Sameiginlegt héraðsskjalasafn utan RVK.
2. Samstarf í rekstri bókasafna þannig að þau geta sérhæft sig á sínu sviði, t.d. íþróttasafn, leikhússafn o.s.frv.
 - a. Sameiginlegur rekstur bókasafna - hagræði fyrir íbúa.
 - b. Sameina almenningubókasöfn á svæðinu - samlegðaráhrif og eitt viðmót.
 - c. Sameina bókasöfnin á svæðinu - hagræðing í innkaupum og rekstri, meiri fjölbreytni fyrir smærri söfn og hagræðing í mönnun.
 - d. Samvinna bókasafna á svæðinu - bókasöfn sérhæfi sig þannig að þau standi upp úr og veiti góða þjónustu á sértæku sviði en séu ekki öll í miðjumóði.
 - e. Sameina, auka samstarf verulega, bæði milli sveitarfélaga og einnig milli skólasafna og safna sveitarfélaga.
3. Sameiginlegt bókasafnsskírteini á Höfuðborgarsvæðinu.
 - a. Aðgangskort að menningarstofnunum s.s. Söfnum og setrum verði með sameiginlegum hætti. T.d. eitt bókasafnskort fyrir allt svæðið.

Minjasöfn, listasöfn og önnur söfn:

4. Koma á samstarfi safna á höfuðborgarsvæðinu þannig að kynning og markaðsmál, innkaup, opnunartímar, verðskrár o.fl. séu unnin í sameiningu með það að markmiði að auka aðsókn bæði borgar-/bæjarbúa sem og ferðamanna.
 - a. Sameiginlegt aðgangskort í allar menningarstofnanir - tekjum skipt eftir aðgengi.
 - b. Kanna fýsileika samrekstrar safnanna á svæðinu. Kortleggja og miðla fræðslu um sögu og menningarminjar svæðisins á heildstæðan hátt.
 - c. Valkosti í ferðamálum -uppbygging arðbærra sýninga/safna/atburða á öllu svæðinu, gjarnan tengt sögu landsins "Gullni hringur höfuðborgarsvæðisins" eða "Söguhringurinn".
 - d. Aðgangskort að menningarstofnunum verði með sameiginlegum hætti.

Samantekt

1. Ekki eru gerðar tillögur um sameiningu héraðsskjalasafna á svæðinu en þó eru dregnir fram kostir og gallar við samstarf sveitarfélaga um rekstur þeirra. Komi til þess að t.a.m. Garðabær og eða Hafnarfjörður taki ákvörðun um stofnun héraðsskjalasafns er lagt til að kannað verði til hlítar að reka slíkt í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga.
2. Lagt er til að samstarf bókasafna á svæðinu verði aukið á formlegum vettvangi. Í dag starfa bókasöfnin saman í tveimur aðskildum hópum en hagræði og aukin þjónusta án aukins kostnaðar er möguleg með aukinni samvinnu.
3. Lagt er til að komið verði á sameiginlegu bókasafnsskírteini allra almenningssafna á höfuðborgarsvæðinu, og skoðað verði hvort grundvöllur er fyrir rekstri á bíl til að keyra gögn á milli safna vikulega, líkt og þegar er gert í Borgarbókasafni, Bókasafni Seltjarnarness og Bókasafni Mosfellsbæjar í dag. Slíkt myndi skila notendum safnanna miklum ávinningi og auka nýtingu safnkosts safnanna. Hefði hins vegar líklega aukinn kostnað í för með sér fyrir önnur söfn en Borgarbókasafn vegna flutnings safnkosts milli safna og flokkunarstöðvar.
4. Skoðuð verði nánari sérhæfing safna hvað varðar ákveðið sérhæft efni (t.d. íþróttabóksafn, listbókasafn). Söfnin setji nefnd með fulltrúum allra safna og þau komi sér saman um flokka og skiptingu sín á milli. Slíkt hefur í för með sér aukna þjónusta við notendur líklega án aukins kostnaðar.
5. Stærri bókasöfn á svæðinu virðast vera hagkvæmari rekstrareiningar en þau minni þegar litið er til rekstrarframlaga á hvert útlán og fjölda útlána á hverja klukkustund sem safn er opið. Lítt munur virðist á hagkvæmni í rekstri Bókasafns Hafnarfjarðar, Bókasafns Kópavogs og Borgarbókasafns og því ekki vísbendingar um að hagkvæmt sé að sameina stærri söfnin. Þau eru hins vegar hagkvæmari en minni söfnin á svæðinu og því vísbendingar um að hægt sé að ná fram hagræðingu í rekstri þeirra með aukinni samvinnu í rekstri við önnur söfn.
6. Lagt er til að núverandi samstarf sveitarfélaganna í ferðamálum verði nýtt enn frekar til að efla kynningu og hvetja til vörubróunar safna á svæðinu.
7. Lagt er til að skipaður verði verkefnahópur til að meta tækifæri, kosti og galla þess að sveitafélögin sameinist um eitt aðgangskort svipað Menningarkorti Reykjavíkur og geri tillögur í samræmi við niðurstöðurnar.
8. Lagt er til að kannað verði hvort fýsilegt sé að sveitarfélögin efni til samstarfs um skráningu menningarminja.

Samstarf safna

Héraðsskjalasöfn

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 mynda lagaramma um skjalavörslu sveitarfélaga og reglugerð um héraðsskjalasöfn þar sem þau eru til staðar.

Hlutverk héraðsskjalasafna er m.a. að annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum innan síns umdæmis. Héraðsskjalasöfnin taka til varðveislu skjöl frá skilaskyldum aðilum, hvort sem skjölin eru varðveitt á pappír eða rafrænt og hafa eftirlit með vörslu þeirra. Skjalasöfn frá einstaklingum og félagasamtökum, sem falla ekki undir lögbundna skilaskyldu, er fyrirferðamikill þáttur í starfseminni. Þau ber að varðveita, skrásetja og ganga frá líkt og önnur skjöl.

Söfnunum er ætlað að varðveita skjölin til langframa þegar þau hafa náð þeim aldri og stöðu að þeirra er ekki lengur þörf daglega hjá stjórnslunni. Skjalasöfn eru mikilvægur hluti í starfsemi sveitarfélaga og varðveita sögu þeirra. Skjalasöfn frá einstaklingum fylla upp í eyður í sögu sveitarfélagsins sem opinber gögn ná ekki yfir.

Héraðsskjalasöfnin gegna í stuttu máli sama hlutverki gagnvart stjórnslu sveitarfélaga sem að því standa og Þjóðskjalasafn gagnvart stjórnslu ríkisins, en hafa jafnframt ríkar skyldur um vörslu einkaskjala þ.e. skjalasafna einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja á svæðinu. Auk þess ber héraðsskjalasöfnum að safna, viðhalda og efla þekkingu á sögu umdæma sinna.

Á höfuðborgarsvæðinu (SSH) eru starfrækt 3 héraðsskjalasöfn; í Reykjavík, Kópavogi og Mosfellsbæ.

Önnur sveitarfélög hafa samkvæmt lögum skilaskyldu til Þjóðskjalasafns á skjölum eldri en 30 ára.

Þjóðskjalasafn er nú í átaki gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki eiga aðild að héraðsskjalasafni til að tryggja varðveislu eldri skjala. Þetta þýðir að sveitarfélög sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni þurfa að gera gangskör í að ganga frá skjölum og skila til Þjóðskjalasafns eða stofna eða gerast aðili að héraðsskjalasafni.

Sameiginlegur rekstur

Almennt má segja að hagkvæmara og skynsamlegra sé fyrir sveitarfélög að reka eigið héraðsskjalasafn, annaðhvort sjálf eða í samvinnu við önnur sveitarfélög en að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín. Koma þar til nokkrir þættir:

- Nálægð við stjórnslu sem myndað hefur hin skilaskyldu skjöl, mikilvægt til þess að þjónustustig hrapí ekki vegna þunglamalegrar afgreiðslu.
- Einkaskjalasöfn af safnsvæðinu skila sér til héraðsskjalasafna fremur en Þjóðskjalasafns vegna nálægðar við íbúana. Fremur er komið í veg fyrir glötun á heimildum um sögu sveitarfélaga.
- Sérfræðiþekking og betri yfirsýn á sögu og stjórnslu svæðisins myndast og er haldið við í héraði.
- Kostnaður við vörslu skjalanna myndar veltu í héraði og skapar atvinnu. Eigin rekstur sveitarfélaganna tryggir betri yfirsýn yfir reksturinn og að hugsanlegur ábati haldist í því verkefni sem upphaflega var kostað til.

Sé ætlunin að stofna héraðsskjalasafn eða söfn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu má útfæra það á ýmsa vegu og nokkur atriði sem vert er að hafa í huga.

- Hvaða rekstrarform er heppilegast og hvernig kostnaðarskipting?
- Hvernig er skynsamlegast að haga slíku samstarfi?
- Á að hafa yfirstjórnina og sameiginlegar höfuðstöðvar tengdar stærsta geymslu- og afgreiðslustaðnum en geymslur og afgreiðslu í hverju aðildarsveitarfélagi eftir efnum og ástæðum. Hvert er umfang skjalanna á hverjum stað og hvernig eru þau söfn sem fyrir eru í stakk búinn til að taka við þeim?

Samstarf á þessu sviði gæti sem dæmi grundvallast á þjónustusamningum við þau héraðsskjalasöfn sem fyrir eru.

Valkostir

- Óbreytt ástand
- Héraðsskjalasafn SSH
- Svæðisbundin söfn
- Sameiginlegt safn án Reykjavíkur

Óbreytt ástand

Sveitarfélög sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni þurfa að gera átak í að ganga frá skjölum og skila til Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn er nú í átaki gagnvart þessum sveitarfélögum til að tryggja varðveislu eldri skjala sem afhenda skal þegar þau eru orðin 30 ára gömul.

Kostir og gallar snúa fyrst og fremst að þeim sveitarfélögum þar sem ekki er héraðsskjalasafn.

Kostirnir eru þeir að ekki kemur til kostnaður við stofnun eða rekstur nýrra héraðsskjalasafna og aðgengi er að sérfræðipækkingu og sérhæfðum geymslum hjá Þjóðskjalasafni.

Ókostirnir eru hins vegar meiri fjarlægð frá stjórnsýslunni og minni hvati til að láta skjöl af hendi vegna andstöðu heima í héraði. Það síðarnefnda á ekki síst við skjöl úr einkasöfnum. Þá ríkir óvissa um kostnað sveitarfélaga við skil til Þjóðskjalasafns en líklegt er að safnið muni innheimta gjald vegna þeirrar þjónustu.

Héraðsskjalasafn SSH

Borgarskjalasafn er rótgróið, umfangsmikið safn sem væntanlega yrði þungamiðjan í slíku samstarfi. Viðbúið að margir líti skil þangað sömu augum og skil til Þjóðskjalasafns eða jafnvel enn síðri kost. Kostir og gallar eru því margir þeir sömu og nefndir eru hér að ofan varðandi óbreytt ástand.

Rekstrarform þyrfti að skoða vandlega – sameiginlegur rekstur eða þjónustusamningar annarra sveitarfélaga við Borgarskjalasafnið.

Svæðisbundin söfn

Hugmynd sem útfæra má á ýmsa vegu t.d. söfn á grundvelli þeirra safna sem fyrir eru eða tilbrigði við þau sbr. landfræðilega legu þeirra.

- Kjósarhreppur, Kjalarnes og Mosfellsbær tækju sig saman um rekstur héraðsskjalasafns, á grundvelli Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.
- Seltjarnarneskaupstaður og Reykjavíkurborg tækju sig saman um rekstur héraðsskjalasafns, á grundvelli Borgarskjalasafns.
- Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Hafnarfjörður og Kópavogur tækju sig saman um rekstur héraðsskjalasafns, á grundvelli Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Helsu ókostir felast í stofnkostnaði húsnæðis þar sem þörf væri á slíku. Einnig kæmi til þátttaka í rekstrarkostnaði hjá þeim sveitarfélögum sem ekki eiga aðild að héraðsskjalasafni.

Hins vegar má reikna samlegðaráhrif í rekstri og stofnkostnaði samborið við að hver standi fyrir eigin safni.

Ótvíræðir kostir eru hins vegar meiri hvati til að skila skjölum, meiri nánd og betri yfirsýn yfir héraðið.

Sameiginlegt safn án Reykjavíkur

Tilbrigði við svæðisbundin söfn. Yrðu þá 2 söfn á svæðinu og síðan Þjóðskjalasafn.

- Héraðsskjalasafn Gullbringu – og Kjósarsýslu.

Niðurstaða: Ekki eru gerðar tillögur um sameiningu héraðsskjalasafna á svæðinu en þó eru dregnir fram kostir og gallar við samstarf sveitarfélaga um rekstur þeirra. Komi til þess að t.a.m. Garðabær og eða Hafnarfjörður taki ákvörðun um stofnun héraðsskjalasafns er lagt til að kannað verði til hlítar að reka slíkt í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga.

Almenningsbókasöfn

Almenningsbókasöfn eru alfarið rekin af sveitarfélögum samkvæmt lögum nr. 36 frá 1997. Sveitarfélögunum er samkvæmt þeim skylt að reka almenningsbókasöfn og eiga að tryggja óheftan aðgang að upplýsingum og þekkingarmiðlum.

Gegnir / Samstarf um skráningu gagna, útlán og skil

Með tilkomu Gegnis, bókasafnskerfisins, hófst samstarf milli bókasafna á landsvísu um miðlæga skráningu bókasafngagna. Söfnin hafa með sér samvinnu á nokkrum sviðum, aðallega um lánþegaheimildir og millisafnalán. Segja má að tvær „blokkir“ séu hvað þetta varðar á höfuðborgarsvæðinu:

Bókasafn Seltjarnarness, Borgarbókasafn og Bókasafn Mosfellsbæjar gerðu með sér samning árið 2000 um samnýtingu lánþegaheimilda og safnkost. Lánþegaheimild keypt í einu þessara safna gildir þá í hinum og einnig er hægt að skila gögnum hvar sem er á svæðinu. Hægt er að biðja um millisafnalán og senda á milli safnanna ef fólk er tilbúið að biða, einnig getur það sótt gögnin sjálft. Bílstjóri fer síðan á milli safnanna einu sinni í viku og sækir safngögn og kemur þeim til síns heima. Þetta fyrirkomulag hefur gengið afar vel þessi rúmu 11 ár sem samningurinn hefur verið í gildi og nýst notendum safnanna mjög vel.

Samstarf Bókasafns Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness (Millireykjasöfnin) hófst fyrir fimm árum og er með svipuðu sniði. Lánþegar borga árgjald í sínu heimasafni en geta notað það í öllum fjórum söfnunum að vild. Þetta samstarf hefur gefist ákaflega vel, og hafa lánþegar þessara safna nú aðgang að stærri og fjölbreyttari bókakosti en áður. Ekki er þó farið með gögn á milli safna, heldur verður fólk að skila í því safni þar sem gögnin eru tekin. Samvinnan gildir því eingöngu um lánþegaskírteini og útlán. Þessi söfn hafa þó líka verið í samstarfi hvað varðar símenntun fyrir starfsfólk sitt með því að skiptast á að bjóða upp á fræðsluerindi 4x á ári þ.e. einu sinni í hverju safni.

Niðurstaða: Lagt er til að samstarf bókasafna á svæðinu verði aukið á formlegum vettvangi. Í dag starfa bókasöfnin saman í tveimur aðskildum hópum en hagræði og aukin þjónusta án aukins kostnaðar er möguleg með aukinni samvinnu.

Annað samstarf sem þegar er fyrir hendi

Söfnin hafa með sér þó nokkuð samstarf og samráð á vettvangi Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) og einnig í gegnum Upplýsingu, fagfélags starfsfólks á sviði bókasafns- og upplýsingafræða. Þar má m.a. nefna átak í markaðssetningu, bókasafnsdaginn og samstarfsverkefnið „Bækur og móðurmál“ þar sem almenningsbókasöfn innan vébanda SFA hafa gert með sér samkomulag um að taka að sér að vera móðurstöðvar fyrir a.m.k. eitt tungumál með það að markmiði að koma til móts við þörf nemenda með annað móðurmál en íslensku fyrir fjölbreytt efni til náms og afþreyingar.

Niðurstaða: Skoðuð verði nánari sérhæfing safna hvað varðar ákveðið sérhæft efni (t.d. íþróttabókasafn, listbókasafn). Söfnin setji nefnd með fulltrúum allra safna og þau komi sér saman um flokka og skiptingu sín á milli. Slíkt hefur í för með sér aukna þjónusta við notendur líklega án aukins kostnaðar.

Sameiginlegt skirteini

Reynslan af þessu samstarfi er almennt góð og kostirnir við að vera með eitt skirteini eru ótvíræðir s.s. aðgangur að fjölbreyttari bókakosti og þar með betri þjónusta, heildaryfirsýn yfir notkun fólks á þjónustu bókasafna á svæðinu, betri nýting gagna og meiri sérhæfing og sparnaður (ekki þurfa öll söfn að kaupa allt). Gallarnir eru kannski helst þeir, að skil á bókasafnsgögnum geta orðið flókin og kostnaðarsöm vegna flutninga á milli safnanna. Þá hafa ýmsar spurningar vaknað t.d. varðandi tekjur af sölu árgjalda og sektargreiðslna. Á t.d. að leyfa fólki að kaupa kortið í hvaða safni sem er, eða skylda það til að kaupa kortið í sínu sveitarfélagi? Hvernig á að skipta tekjunum? Er ástæða til að óttast að söfn verði fyrir tekjuskerðingu? Á myndinni að neðan má sjá hvernig tekjur af árgjöldum skiptast milli safnanna á svæðinu.

| Stofnun | Tekjur af árgjöldum | |
|---|---------------------|----------------|
| | 2010 | Hlutfall tekna |
| Bókasafn Seltjarnarness | 1.185.000 | 4,42% |
| Bókasafn Hafnarfjarðar | 4.682.569 | 17,46% |
| Bókasafn Kópavogs | 3.867.640 | 14,42% |
| Bókasafn Álftaness | 50.700 | 0,19% |
| Bókasafn Garðabæjar | 1.170.000 | 4,36% |
| Borgarbókasafn* | 15.720.426 | 58,60% |
| Bókasafn Mosfellsbæjar** | 1.500.000 | 0,56% |
| Samtals | 26.826.335 | |
| *Tekjur af skirteinum | | |
| **Sektir og árgjöld | | |
| (Ekki er um að ræða nákvæma sundurliðun milli sekta og árgjalda 2010, en tekna hafa verið stikkprufur og þá skiptast tekjurnar alltaf í u.þ.b. 50% árgjöld og 50% sektir) | | |

Reynslan af samstarfi bókasafnanna í Reykjavík, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi annars vegar og Millireykjasafnanna hins vegar hefur sýnt að tilfærslur tekna eru óverulegar hjá söfnunum. Fólk virðist ákaflega tryggja sínu safni og fáir kaupa skirteini á fleirum en einu safni, en nýta sér gjarnan

þjónustu fleiri safna sé hún til staðar. Þetta var sérstaklega kannað í kjölfar þess að bókasöfnin í Reykjavík, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi skrifuðu undir samning árið 2000.

Slík samvinna opnar líka nýja möguleika á millisafnalánum til handa lánþegum. Eins og staðan er í dag, lána millireykjasöfnin ekki milli annarra safna á höfuðborgarsvæðinu en samstarfssafnanna þ.e. í Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Álftanesi. Borgarbókasafn er með svipaða reglu hjá sér, en lánar til bókasafnanna á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ, þ.e. ekki í millisafnaláni heldur beint á lánþega sem óska safngagna á grundvelli samningsins. Þetta þýðir að vanti lánþega nauðsynlega safngagn sem staðsett er í safni sem ekki er í samvinnu við hans heimasafn verður viðkomandi að greiða fyrir lánþegaheimild og þar að auki hugsanlega að keyra bæinn á enda eftir gagninu.

Verði samstarf safnanna aukið og „blokkirnar“ tvær taki höndum saman mun þjónustan aukast en jafnframt verða til aukinn kostnaður við rekstur á bifreið sem færi með gögn milli safnanna. Kostirnir fyrir notendur eru ótvíræðir, því þar með opnast aðgangur að miklum safnkosti og upplýsingum.

Niðurstaða: Lagt er til að komið verði á sameiginlegu bókasafnsskírteini allra safna á höfuðborgarsvæðinu, og skoðað verði hvort grundvöllur er fyrir rekstri á bíl til að keyra gögn á milli safna vikulega, líkt og þegar er gert í Borgarbókasafni, Bókasafni Seltjarnarness og Bókasafni Mosfellsbæjar í dag. Slíkt myndi skila notendum safnanna miklum ávinningi og auka nýtingu safnkosts safnanna. Hefði hins vegar líklega aukinn kostnað í för með sér fyrir önnur söfn en Borgarbókasafn vegna flutnings safnkosts milli safna og flokkunarstöðvar.

Rekstur bókasafna

Til skoðunar í störfum verkefnahópsins voru 16 bókasöfn á höfuðborgarsvæðinu. **Söfnin eru mjög misjöfn að stærð, opnunartími mismunandi og í einhverjum tilfellum eru söfnin rekin með annarri starfsemi viðkomandi sveitarfélags. Þá er þjónustustig safnanna mismunandi.** Engu að síður þótti áhugavert að draga fram lykiltölur í rekstri þeirra og reyna að bera söfnin saman á grundvelli þeirra. Markmiðið með því er að reyna að greina árangur í rekstri og draga ályktanir af því.

Í töflu nr. 2 má sjá yfirlit yfir rekstrarframlag til safnanna og eru tölur fengnar úr ársreikningum fyrir árið 2010. **Þess ber að geta að í mörgum tilvikum hefur á yfirstandandi ári verið skorið niður í rekstri safnanna. Hið sama gildir um stöðugildi að á einhverjum söfnum hefur verið skorið niður í mannhaldi milli ára en tölurnar eiga við heimildir á árinu 2010.** Þá koma fram í töflu 2 upplýsingar um stærð þess húsnæðis sem söfnin eru rekin í auk útlána og heimsóknna á árinu 2010. Tölur um útlán byggja á skýrslum Gagnis, sem er landskráningarkerfi bókasafna.

| | | Tafla 2 | | | | |
|---------------|--------------------------------------|-----------------|------------|-------------------------|---------|------------|
| Sveitarfélag | Heiti | Rekstrarframlag | Stöðugildi | Stærði í m ² | Útlán | Heimsóknir |
| Garðabær | Bókasafn Garðabæjar | 40.700.000 | 4,5 | 500 | 67.891 | 63.000 |
| Hafnarfjörður | Bókasafn Hafnarfjarðar | 116.182.000 | 15,75 | 1551 | 267.379 | 209.703 |
| Kópavogur | Bókasafn Kópavogs | 130.250.000 | 13,6 | 1400 | 220.416 | 156.002 |
| Kópavogur | Lindasafn | 13.803.000 | 2 | 150 | 36.232 | 25.864 |
| Mosfellsbær | Bókasafn og listasalur Mosfellsbæjar | 67.421.000 | 6 | 1000 | 80.985 | 77.100* |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - skrifstofa | 147.730.000 | 11,1 | ** | | |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Aðalsafn | 117.301.000 | 22,9 | 3380 | 353.149 | 224.816 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Kringlusafn | 63.974.000 | 8,3 | 740 | 237.355 | 122.659 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Sólheimasafn | 33.605.000 | 6,1 | 220 | 120.199 | 85.764 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Gerðuberg | 59.705.000 | 8 | 903 | 153.783 | 90.617 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Seljasafn | 2.226.000 | 0 | 80 | 10.016 | 3.733 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Foldasafn | 45.706.000 | 8,7 | 700 | 153.067 | 68.694 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Ársafn | 53.650.000 | 8 | 550 | 119.499 | 67.325 |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Artótek | -270.000 | 0,3 | | | |
| Reykjavík | Borgarbókasafn - Bókabífréið | 19.288.000 | 3,8 | | *** | 21.379 |
| Seltjarnarnes | Bókasafn Seltjarnarness | 56.304.610 | 5,5 | 1200 | 69.840 | 70.000 |

* Tölur frá 2009

** Inni í aðalsafni

*** Útlán með Kringlusafni

Í Reykjavík er fyrirkomulag með þeim hætti að undir skrifstofu Borgarbókasafns eru unnin margvísleg verkefni sem annars væru inni á útibúum. Þannig eru innkaup á skrifstofu Borgarbókasafns, plöstun bóka og fleira. Í samanburði hér að neðan er því Borgarbókasafn tekið saman sem ein heild og í meðaltali er aðeins litið á þá samtölu. Engu að síður eru útibúin höfð með til samanburðar í töflum, fyrst og fremst til samanburðar á milli þeirra í Reykjavík.

Í töflum 3, 4 og 5 er rekstrarframlagi til safnanna útteilt annars vegar á útlán og hins vegar á fjölda heimsóknna. Að meðaltali er varið 604 krónu á hvert útlán bókasafnanna á árinu 2010. Hæsta framlagið á hvert útlán er hjá bókasafni Seltjarnarness en lægsta framlagið er á Bókasafni Hafnarfjarðar. Að meðaltali er varið 720 krónum á hverja heimsókn í bókasöfnin og er framlagið hæst í Mosfellsbæ en lægst í Lindasafni í Kópavogi.

| Tafla 3 | | |
|--------------------------------------|--------------------------------|-------------------------------------|
| Heiti | Rekstrarframlagi deilt á útlán | Rekstrarframlagi deilt á heimsóknir |
| Bókasafn Garðabæjar | 599 | 646 |
| Bókasafn Hafnarfjarðar | 362 | 554 |
| Bókasafn Kópavogs | 591 | 835 |
| Lindasafn | 594 | 534 |
| Bókasafn og listasalur Mosfellsbæjar | 803 | 874 |
| Borgarbókasafn - söfn og skrifstofa | 473 | 793 |
| Borgarbókasafn - Aðalsafn | 328 | 522 |
| Borgarbókasafn - Kringlusafn | 270 | 522 |
| Borgarbókasafn - Sólheimasafn | 280 | 392 |
| Borgarbókasafn - Gerðuberg | 388 | 659 |
| Borgarbókasafn - Seljasafn | 222 | 596 |
| Borgarbókasafn - Foldasafn | 299 | 665 |
| Borgarbókasafn - Ársafn | 449 | 797 |
| Borgarbókasafn - Artótek | 0 | |
| Borgarbókasafn - Bókabífréið | | 902 |
| Bókasafn Seltjarnarness | 806 | 804 |
| Meðaltal | 604 | 720 |

| Tafla 4 | | Tafla 5 | |
|--------------------------------|--------|-------------------------------------|--------|
| Rekstrarframlagi deilt á útlán | Krónur | Rekstrarframlagi deilt á heimsóknir | Krónur |
| Meðaltal | 604 | Meðaltal | 720 |
| Hæsta (Seltjarnarness) | 806 | Hæsta (Mosfellsbær) | 874 |
| Lægsta (Hafnarfjörður) | 362 | Lægsta (Lindasafn) | 534 |




Í töflu 6, 7 og 8 er að finna samanburð milli bókasafnanna þegar útlánnum er deilt á stöðugildi safnanna annars vegar og á opna klukkustund hins vegar. Að meðaltali eru 15.349 útlán á hvert stöðugildi en flest útlán á stöðugildi eru hjá Lindasafni. Þar eru útlán á hvert stöðugildi rúmlega 18 þúsund en fæst eru útlánin á Seltjarnarnesi er tæplega 13 þúsund. Athygli er vakin á því að útlán á hvert stöðugildi í Kringlusafni eru rúm 28 þúsund.

Þegar litið er á fjölda útlána á hverri klukkustund (að meðaltali) sem hvert safn er opið kemur í ljós að flest útlán eru í Bókasafni Hafnarfjarðar (109) en fæst á Seltjarnarnesi og í Garðabæ (31). Meðaltal útlána á hverri klukkustund á öllum söfnunum er 56. Athygli er vakin á því að á aðalsafni Borgarbókasafns voru útlán á klukkustund alls 131 á síðasta ári.

| Heiti | Útlán á stöðugildi | Útlán á opna klukkustund |
|---|--------------------|--------------------------|
| Bókasafn Garðabæjar | 15.087 | 31 |
| Bókasafn Hafnarfjarðar | 16.976 | 109 |
| Bókasafn Kópavogs | 16.207 | 84 |
| Lindasafn | 18.116 | 27 |
| Bókasafn og listasalur Mosfellsbæjar | 13.498 | 41 |
| Borgarbókasafn - öll söfn og skrifstofa | 14.858 | 69 |
| <i>Borgarbókasafn - Aðalsafn</i> | <i>15.421</i> | <i>131</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Kringlusafn</i> | <i>28.597</i> | <i>90</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Sólheimasafn</i> | <i>19.705</i> | <i>53</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Gerðuberg</i> | <i>19.223</i> | <i>65</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Seljasafn</i> | <i>26</i> | <i>26</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Foldasafn</i> | <i>17.594</i> | <i>67</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Ársafn</i> | <i>14.937</i> | <i>57</i> |
| <i>Borgarbókasafn - Artótek</i> | | |
| <i>Borgarbókasafn - Bókabífréið</i> | | |
| Bókasafn Seltjarnarness | 12.698 | 31 |
| Meðaltal | 15.349 | 56 |

| Útlánnum deilt á stöðugildi |
|-----------------------------|
| Meðaltal |
| Flest (Lindasafn) |
| Fæst (Borgarbókasafn) |

| Útlán á opna klukkustund |
|-----------------------------|
| Meðaltal |
| Flest (Hafnarfjörður) |
| Fæst (Seltj. nes og G. bær) |



Að lokum er settur fram samanburður milli sveitarfélaga sem sýnir framlög til bókasafna miðað við fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Í töflunni er einnig sýnt rekstrarframlag pr. íbúa. Í ljós kemur að hæst framlög á hvern íbúa eru á Seltjarnarnesi en þar eru einnig flest útlán á hvern íbúa sveitarfélagsins. Fæst útlán á hvern íbúa eru í Garðabæ en þar eru rekstrarframlög jafnframt lægst á hvern íbúa.

| Sveitarfélag | Alls | Útlán pr. | | Rekstrarframlag pr. íbúa |
|---------------|---------|-----------|------|--------------------------|
| | | Útlán | íbúa | |
| Reykjavík | 118.326 | 1.147.068 | 9,7 | 542.915.000 |
| Kópavogur | 30.357 | 256.648 | 8,5 | 144.053.000 |
| Seltjarnarnes | 4.395 | 69.840 | 15,9 | 56.304.610 |
| Garðabær | 10.643 | 67.891 | 6,4 | 40.700.000 |
| Hafnarfjörður | 25.913 | 267.379 | 10,3 | 116.182.000 |
| Mosfellsbær | 8.553 | 80.985 | 9,5 | 67.421.000 |

Hópurinn var sammála um að til samanburðar á rekstri safnanna væri réttast að notast við tvo mælikvarða; annars vegar að skoða hvernig rekstrarframlag deilist á útlán, þ.e. hvað hvert útlán kostar og hins vegar fjölda útlána á opna klukkustund.

Ástæða þess að aðrir mælikvarðar eru ekki notaðir þegar ályktanir eru dregnar af hagkvæmni í rekstri safnanna er sú að útlán eru hin eiginlega afurð í starfsemi bókasafna og tölur um útlán eru sambærilegar enda komnar frá Gegni, landskrá bókasafna. Þó eru útlán í Hafnarfirði fleiri en skv. Gegni vegna útlána í tónlistarsafni sem þar er og eru ekki skráð í Gegni.

Fjöldi stöðugilda getur gefið skakka mynd þar sem bókasöfnin sinna í einhverjum tilfellum öðrum verkefnum en þeim sem teljast til hefðbundinnar starfsemi bókasafna. Mæling á fjölda heimsóknna er ekki jafn nákvæm og fjöldi útlána og því ekki talið rétt að draga ályktanir af þeim. Varðandi rekstrarframlag er þó settur sá fyrirvari að skekkjur geta verið í því m.a. sem lúta að innri leigu húsnæðis, sem er inni í rekstrarframlaginu.

Húsnæðiskostur safnanna er á ýmsum aldri en nýrra húsnæði reiknast jafnan á hærra verði í leigu. Í niðurstöðum eru ályktanir því dregnar af niðurstöðu tveggja fyrrnefndra mælikvarða. Bókasöfnum er raðað skv. þeim á töflum 9 og 10.

| Tafla 9 | | Tafla 10 | |
|---|-----|---|-----|
| Rekstrarframlag pr. útlán | | Útlán pr. klukkustund | |
| Bókasafn Hafnarfjarðar | 362 | Bókasafn Hafnarfjarðar | 109 |
| Borgarbókasafn - öll söfn og skrifstofa | 473 | Bókasafn Kópavogs | 84 |
| Bókasafn Kópavogs | 591 | Borgarbókasafn - öll söfn og skrifstofa | 69 |
| Lindasafn | 594 | Bókasafn og listasalur Mosfellsbæjar | 41 |
| Bókasafn Garðabæjar | 599 | Bókasafn Seltjarnarness | 31 |
| Bókasafn og listasalur Mosfellsbæjar | 803 | Bókasafn Garðabæjar | 31 |
| Bókasafn Seltjarnarness | 806 | Lindasafn | 27 |

Niðurstaða: Stærri bókasöfn á svæðinu virðast vera hagkvæmari rekstrareiningar en þau minni þegar litið er til rekstrarframlaga á hvert útlán og fjölda útlána á hverja klukkustund sem safn er opið. Lítil munur virðist á hagkvæmni í rekstri Bókasafns Hafnarfjarðar, Bókasafns Kópavogs og Borgarbókasafns og því ekki vísbendingar um að hagkvæmt sé að sameina stærri söfnin. Þau eru hins vegar hagkvæmari en minni söfnin á svæðinu og því vísbendingar um að hægt sé að ná fram hagræðingu í rekstri minni safna með aukinni samvinnu í rekstri við önnur söfn.

Samstarf minja-, lista- og annarra safna

Staðan

Ekki er til staðar formlegt eða óformlegt samstarf annarra safna á svæðinu, en nú þegar er til staðar samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem nær yfir ferðamálin og tækifæri til að nýta það samstarf til kynningar á menningarstofnunum, m.a. fyrir ferðaskrifstofum og erlendum ferðamönnum. Nýta má þennan hóp til þess að skoða tækifæri sem geta falist í því að samræma opnunartíma, fara sameiginlega í vörubróun t.d. að útbúa pakkatilboð sem getur falist í heimsóknum með leiðsögn í fleiri en eina menningarstofnun svæðisins. Helstu þættir samstarfsins eru eftirfarandi:

Kynningarstarf

Frá árinu 2005 hefur verið í gildi samningur um markaðsstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarstofu var falin ábyrgð á framkvæmd og fjárhag verkefnisins en í samstarfsnefnd hafa setið fulltrúar allra sveitarfélaga á svæðinu. Verkefni samstarfsins hafa verið af ýmsu tagi; útgáfa (Pure Energy 2005 - 2008, snertiskjáiur 2008 – 2009, Reykjavík City Guide 2010 -2011), Visit Reykjavík vefgáttin, þátttaka og dreifing á kynningarefni á erlendum ferðasýningum, þátttaka í innlendum viðburðum á borð við Íslandsperlur, sýnileiki samstarfssveitarfélaga í Upplýsingamiðstöð ferðamanna við Aðalstræti og nú á síðustu misserum samstarf um **Safnanótt** sem nú fer fram á öllu höfuðborgarsvæðinu og flest öll söfn taka þátt í.

Viðburðadagatal

Sameiginlegt viðburðadagatal er á vefsíðunni www.visitreykjavik.is og hefur nú verið endurnýjað og geta allir viðburðahaldarar á höfuðborgarsvæðinu sett inn viðburði. Verið er að kynna dagatalið fyrir kynningarfulltrúum sveitafélaga og kenna þeim að setja inn viðburði. Íslensk útgáfa af Visit Reykjavík

er í vinnslu og verður viðburðadagatalið þá aðgengilegt á bæði ensku og íslensku og mun stórlega ýta undir samstarfsmöguleika og kynningartækifæri.

Viðburðir

Sú hugmynd hefur verið kynnt að sveitarfélögin samræmi menningarviðburði – eða sameinist um hátíðir. Eins og fram kom hér fyrir ofan hefur **Safnanótt** nú verið samstarfsverkefni allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undanfarin tvö ár en vel má hugsa sér samsvarandi samstarf með fleiri viðburði t.a.m. **Barnameningarhátíð** og **Vetrarhátíð**. Þá má velta fyrir sér hvort hátíðir annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur eigi möguleika á því að stækka og flæða yfir í önnur sveitarfélög eins og t.d. **Bjartir dagar** í Hafnarfirði. Allar þessar hátíðir byggja á þátttöku menningarstofnanna á svæðinu.

Niðurstaða: Lagt er til að núverandi samstarf sveitarfélaganna í ferðamálum verði nýtt enn frekar til að efla kynningu og hvetja til vöruþróunar safna á svæðinu.

Sameiginlegt aðgangskort

Aðgangseyrir að söfnum á svæðinu er mismunandi og allt fram til síðustu áramóta var aðgangseyrir að söfnum Reykjavíkurborgar ekki samræmdur. Um síðustu áramót var hins vegar gjaldskrá safna Reykjavíkurborgar samræmd og mánuði síðar eða þann 1. febrúar tekið upp sameiginlegt árskort á söfnum Reykjavíkurborgar – Menningarkort Reykjavíkur er gildir sem árs aðgöngumiði í safnhús Listasafns Reykjavíkur; Hafnarhús, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn, í Minjasafn Reykjavíkur; Árbæjarsafn og Landnámssýningu og sem bókasafnskort í Borgarbókasafn Reykjavíkur. Verði kortsins er haldið í lágmarki og er kr. 5.000,-. Með hinu nýja Menningarkorti vill Menningar- og ferðamálaráð borgarinnar koma til móts við borgarbúa og gera þeim kleift að sækja sér menningu og upplifun í helstu menningarstofnunum borgarinnar eins oft og þá listir gegn lágmarksgjaldi. Eitt af meginmarkmiðum menningarstefnu borgarinnar er að allir hafi jafnan aðgang að þeirri menningu sem Reykjavíkurborg býður upp á. Menningarkortið virkar ekki einungis sem aðgöngumiði að sýningum og borgarbókasöfnum heldur felur það í sér ýmis fríðindi eins og ókeypis aðgang að öllum viðburðum sem Listasafnið og Minjasafnið standa fyrir, en þeir telja hátt á annað hundrað á ári hverju og eru sniðnir að ólíkum þörfum og ólíkum hópum. Þá eru innifaldir í kortinu afslættir af verslunum, veitingasölum og ýmiskonar þjónustu sem allar menningarstofnanir borgarinnar hafa upp á að bjóða.

Vel má hugsa sér að ganga skrefinu lengra og þróa Menningarkortið áfram í þá átt að það verði fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Til þess að svo megi verða þarf að huga að mörgum þáttum, s.s. sameiginlegri gjaldskrá, verð á nýju korti, skiptingu tekna ásamt tæknilegri umsýslu.

Niðurstaða: Lagt er til að skipaður verði verkefnahópur til að meta tækifæri, kosti og galla þess að sveitafélögin sameinist um eitt aðgangskort svipað Menningarkorti Reykjavíkur og gerir tillögur í samræmi við niðurstöðurnar.

Minjavarsla

Skv. Þjóðminjalögum og skipulagslögum er sveitarfélögum skylt að skrá menningarminja (fornleifar, hús og mannvirki) í tengslum við skipulagsgerð. Í frumvarpi að nýjum lögum um menningarminjar sem nú liggja fyrir Alþingi eru þessi verkefni áfram skilgreind á ábyrgð sveitarfélaga.

Niðurstaða: Lagt er til að kannað verði hvort fýsilegt er að sveitarfélögin efni til samstarfs um skráningu menningarminja.

Í töflu 12 er að finna upplýsingar um fjölda safna og rekstrarumfang þeirra.

| Tafla 12 | | | | | | |
|---------------|--|-----------------|------------|-----------|------------|--|
| Sveitarfélag | Stofnun | Rekstrarframlag | Stöðugildi | Stærð | Heimsóknir | |
| Garðabær | Hönnunarsafn Íslands | 42.537.862* | 2,8 | 860 | 6390** | |
| Garðabær | Krókur á Garðaholti | 550.000 | 0*** | 125,4 | | |
| Garðabær | Minjagarðurinn á Hofstöðum | 340.000 | | | | |
| Hafnarfjörður | Byggðasafn Hafnarfjarðar | 52.382.000 | 2,5 | 5 hús | 19.005 | |
| Hafnarfjörður | Hafnarborg | 71.713.000 | 4,3 | 2.127 | 57.350 | |
| Kópavogur | Héraðsskjalasafn | 22.320.000 | 2,5 | 156,2 | | |
| Kópavogur | Tónlistarsafn Íslands | 19.819.000**** | 1,5 | 279 | 2.636 | |
| Kópavogur | Náttúrufræðistofa | 48.791.000 | 4,5 | 97,3***** | 11.781 | |
| Kópavogur | Listasafn | 77.688.000 | 5,2 | 1308,6 | 26.357 | |
| Kópavogur | Tónlistarhús (Salurinn) | 45.035.000 | 4 | 1030 | 40.850 | |
| Mosfellsbær | Héraðsskjalasafn | 5.604.000 | 0,5 | 159,7 | 79 | |
| Reykjavík | Listasafn Reykjavíkur | 126.070.000 | 12,7 | ***** | | |
| Reykjavík | Hafnarhús | 70.588.000 | 3,6 | 3.362 | 170.834 | |
| Reykjavík | Kjarvalsstaðir | 60.377.000 | 3,7 | 3.018 | 61.146 | |
| Reykjavík | Ásmundarsafn | 10.721.000 | 0,6 | 610 | 9.972 | |
| Reykjavík | Listaverk á opnum svæðum | 9.053.000 | 0,3 | | | |
| Reykjavík | Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn | 126.892.000 | 14,7 | | 45.805 | |
| Reykjavík | Minjasafn Reykjavíkur - Landnámssýning | 51.512.000 | 2,5 | 1.094 | 27.033 | |
| Reykjavík | Menningarmiðstöðin Gerðubergi | 74.657 | 7,4 | 1.571 | 115.679 | |
| Reykjavík | Ljósmyndasafn | 38.357 | 5 | 396 | 31.143 | |
| Seltjarnarnes | Lækningaminjasafnið | 9.661.000 | 1 | | 1.343 | |

*Framlag Garðabæjar 27.371.479, ríkis skv. samningi 8.800.000, sjálfsaflafé 6.366.383

**Safnið opnaði 27. maí 2010

***Starfsmaður á sunnudegi, ekki fast stöðugildi

****Tímabundið framlag frá ríki 5,1 m.kr.

*****Ásamt Bókasafni Kópavogs

***** Inni í Hafnarhúsi

Í töflu 13 er síðan að finna yfirlit yfir opnunartíma safnanna á höfuðborgarsvæðinu.

| Tafla 13 | |
|--|--|
| Stofnun | Opnunartími |
| Hönnunarsafn Íslands | Alla daga nema mán 12 - 17 |
| Krókur á Garðaholti | Sunnudaga frá júní - ágúst kl. 13 - 17 |
| Minjagarðurinn á Hofstöðum | Opið 24/7 |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | Sumar 11 - 17 alla daga, vetur 11 - 17 um helgar |
| Hafnarborg | Alla daga nema þri 12 - 17 |
| Héraðsskjalasafn | Mán - fös 10 - 16 |
| Tónlistarsafn Íslands | Mán - föst 10 - 16 |
| Náttúrufræðistofa | Mán - fim 10 - 19, fös 11 - 17, lau 13 - 17 |
| Listasafn | Alla daga nema mán 11 - 17 |
| Tónlistarhús (Salurinn) | |
| Héraðsskjalasafn | Þri og mið 10 - 12 |
| Listasafn Reykjavíkur | Skrifstofa 8:20 - 16:15 |
| Hafnarhús | Fim 10 - 20, aðra daga 10 - 17 |
| Kjarvalsstaðir | Alla daga 10 - 17 |
| Ásmundarsafn | Sumar 10 - 16 alla daga, vetur um helgar 13 - 16 |
| Listaverk á opnum svæðum | |
| Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn | Alla daga á sumrin 10 - 17 |
| Minjasafn Reykjavíkur - Landnámssýning | Alla daga 10 - 17 |
| Menningarmiðstöðin Gerðubergi | Mán - fös 12 - 19, helgar 13 - 17 |
| Ljósmyndasafn | Mán - fös 12 - 19, helgar 13 - 17 |
| Lækningaminjasafnið | Sumar 13 - 17 |